

Frumvarp til laga

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, með síðari breytingum
(uppbygging ferðamannastaða).

Flm.: Róbert Marshall, Guðmundur Steingrímsson, Óttarr Proppé,
Brynhildur Pétursdóttir, Páll Valur Björnsson.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Uppbygging ferðamannastaða.

Heimilt er sveitarstjórnnum að leyfisskylda og innheimta leyfisgjald fyrir fénýtingu náttúru-
fyrirbrigða og ferðamannastaða enda renni féð til uppbyggingar ferðaþjónustuinnviða sem
stuðlar að sjálfbærri nýtingu þeirra staða sem leyfisskyldir eru.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd leyfisveitingarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnnum verði heimilað að leyfisskylda og inn-
heimta leyfisgjald fyrir fénýtingu náttúru- og ferðamannastaða innan þeirra marka.

Frumvarpið felur í sér að ábyrgð á ferðamannastöðum og náttúru- og ferðamannastaðum er færð til
sveitarstjórnanna, þ.e. til þeirra sem næst þeim búa. Sveitarstjórnir eru ekki skyldugar til að
leyfisskylda fénýtingu slíkra staða en fari þær út í aðgerðir af því tagi verður innheimt fé við
leyfisútgáfu að renna til uppbyggingar á stöðunum sjálfum. Sveitarstjórnir verða sjálfar að
meta hvaða áhrif innheimta slíks gjalds hefur á þá atvinnustarfsemi sem um ræðir.

Framangreind lagabreyting mundi leysa markmið frumvarps til laga um náttúrupassa, sem
lagt var fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015 en náði ekki afgreiðslu, sem og leysa
markmið frumvarps til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og
menningarsögulegum minjum sem lagt var fyrir Alþingi á sama þingi, auk þess sem það hefur
verið endurflutt á yfirstandandi þingi. Þá leysir lagabreytingin þann vanda að ekki hefur
reynst gerlegt að nýta það fjármagn sem hefur verið eyrnamerkt uppbyggingu náttúru-
fyrirbrigða og ferðamannastaða, m.a. vegna skorts á áætlunum, teikningum og verktökum. Frum-
varpinu er ætlað að fela sveitarfélögunum sjálfum að meta vandann, gera samninga við þá
sem skipuleggja hópferðir á staðina og standa að uppbyggingu. Þá þyrfti gjaldið ekki að vera
varanlegt, það gæti staðið yfir tímabundið á meðan uppbygging stendur yfir og tekið mið af
stöðu þeirra fyrirtækja sem um ræðir og eins atvinnusköpun þeirra í sveitarfélögunum sjálf-
um. Verði frumvarpið að lögum má því gera ráð fyrir að yfirgripsmikill og umdeildur vandi
verði leystur. Frumvarpið felur ekki í sér heimild til gjalddöku á ferðamannastöðum heldur
beinist fyrst og fremst að skipulögðum hópferðum á tiltekna staði þar sem þriðji aðili hagnast
á nýtingu staðar sem hann á ekki beina aðild að, eins og t.d. landeigandi eða sveitarfélag.